

*Mott. 20.06.17 TTF  
2016-05-0078*

Hestamannafélagið Hending, kt. 560688-2539, Hrannargötu 10 Ísafirði (hér eftir Hending) og Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, Hafnarstræti 1-3 Ísafirði, (hér eftir Ísafjarðarbær) gera með sér svohljóðandi

## **Samkomulag**

Með samkomulagi þessu, skuldbinda Hending og Ísafjarðarbær sig til þess að skapa í sameiningu, frambærilegar aðstæður til iðkunar hestaþróttá í Engidal. Samkomulag þetta nær til byggingar á reiðskemmu á svæði Hendingar, sem mun bæta verulega aðstæður til íþróttaiðkunarinnar, sér í lagi yfir vetrarmánuðina.

**1. gr.**

### **Sameiginleg markmið.**

Þó samkomulagið nái aðeins til byggingar reiðskemmu, skal til lengri tíma lítið miða við að aðstæður til iðkunar hestaþróttá verði eins og gott þykir á Íslandi miðað við nútímakröfur. Auk reiðskemmu verður, í samræmi við 5. grein þessa samkomulags, byggt upp útisvæði með keppnisvelli sem stenst kröfur fyrir úrtöku fyrir Landsmót og Íslandsmóti í hestaþróttum.

**2. gr.**

### **Annar tilgangur**

Annar tilgangur samkomulagsins, er að rjúfa þá kyrrstöðu sem verið hefur í uppbryggingu á svæði hestamanna í Engidal. Vilji Ísafjarðarbæjar er að með samkomulaginu verði félagsmönnum Hendingar skapaðar aðstæður til íþróttaiðkunar sem telja má betri en þær sem félagið missti árið 2008.

Við undirritun samkomulags þessa mun Hending falla frá öllum frekari kröfum um bætur, á hendur Ísafjarðarbæ eða Vegagerðarinna vegna mannvirkja þeirra er stóðu á Búðartúni í Hnífsdal.

**3. gr.**

### **Bygging reiðskemmu**

Samkomulagið nær til byggingar 900m<sup>2</sup> reiðskemmu 20m x 45m, ekki leggja fyrir fullnaðar hönnunargögn. Stærð reiðskemmunnar og kostnaðarþáttaka Ísafjarðarbæjar verður þó aldrei meiri en fram kemur í samkomulagi þessu.

Stofnað verður einkahlutafélag um bygginguna, þar sem eignarhlutar eru 49% hlutur Ísafjarðarbæjar og 51% Hendingar. Hlutafé Ísafjarðarbæjar verður greitt í tvemnu lagi, kr. 15.000.000 á árinu 2017 þegar samþykkt byggingaráform leggja fyrir og kr. 15.000.000 á árinu 2018, enda sé húsið risið. Að auki leggur Ísafjarðarbær til í verkefnið það jarðefni, afhent í malarnámu í eigu Ísafjarðarbæjar, að hámarki 2.800m<sup>3</sup>, sem eingöngu er ætlað í þúða undir burðarveggi og fyllingar í grunn og við húsnæðið.

Vegagerðin greiðir til Ísafjarðarbæjar bætur fyrir aðstöðuna að Búðartúni að upphæð kr. 20.000.000 og leggur Ísafjarðarbær það fé til sem bætur til Hendingar fyrir missi aðstöðunnar að Búðartúni. Hending mun leggja framangreindar kr. 20.000.000 til sem hlutafé í áðurnefnt einkahlutafélag um byggingu reiðskemmunnar. Að auki leggur Hending fram, sem hlutafé, vinnuframlag sem metið verði til jafnvirðis kr. 11.000.000.

Miðað er við að reiðskemman verði reist á árinu 2017 og er stefnt að því að hún verði fullbúin og tekin í notkun eigi síðar en 1. desember 2017.

**4. gr.**

**Styrkur með rekstri reiðskemmu**

Reiðskemman verður rekin sem sjálfstætt félag og mun hafa sjálfstæðar tekjur, m.a. af útleigu æfingatíma. Ísafjarðarbær mun fyrstu 10 rekstrarár félagsins styrkja félagið sem svarar til fasteignagjalda hvers árs. Er styrkurinn ætlaður til að auðvelda félagini að koma rekstrinum í sjálfbært ástand.

**5. gr.**

**Framkvæmdir við útisvæði**

Í öðrum áfanga er uppbygging keppnisvallar og tilheyrandi aðstöðu á útisvæði. Miðað er við að uppbygging svæðisins verði á grunni uppbyggingarsamnings á milli Hendingar og Ísafjarðarbæjar – hugsanlega með aðkomu sameiginlegs einkahlutafélags um reiðskemmuna.

Hending verður með umsjón og framkvæmd á sinni hendi og leggur að auki til vinnuframlag. Ísafjarðarbær leggur til í verkefnið það jarðefni sem nýta má úr nálægum nánum í eigu sveitarfélagsins og þarf til að fullbúa vallarmannvirkin. Gerður verði uppbyggingarsamningur, á sama grunni og almennt gildir um uppbyggingarsamning við félög í HSV, sem tekur nánar til aðkomu aðila að þessum áfanga. Skal sá uppbyggingarsamningur frágenginn og undirritaður í síðasta lagi í febrúar 2018. Fjárhæð uppbyggingarsamninga um íþróttamannvirki takmarkast við fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar hverju sinni.

**6. gr.**

**Staðfesting**

Rísi mál út af samkomulagi þessu skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða á Ísafirði. Samkomulag þetta er gert í tveimur eintökum og undirritað í votta viðurvist.

Ísafirði 19 -Júní 2017

Mari Þ. Hestamann

f.h. Hestamannafélagsins Hendingar



f.h. Ísafjarðarbæjar

Vottar að réttri dagsetningu og undirritun

Jóhanna Á Einarssdóttir 260874-4709

Síða Konason 020476 3629